

## **Nefnd um Atvinnumál**

Fundur var haldinn í nefnd um Atvinnumál hjá Reykjavíkurborg fimmtudaginn 8. janúar 2009 í Ráðhúsi Reykjavíkur, Bárubúð, og hófst fundurinn kl. 15:30

Mætt voru: Svandís Svavarsdóttir, Oddný Sturludóttir, Jórunn Frímannsdóttir, Ragnar Sær Ragnarsson, Rafn Einarsson, Markús Heimir Guðmundsson, Stella Kristín Víðisdóttir, Sigurður Snævarr og Guðfinnur Þór Newman

Þorleifur Gunnlaugsson boðaði forföll

### **Þetta gerðist:**

Fundargerð síðast fundar lögð fram.

Punktur í „millirapporti“ til aðgerðarhóps lagðir fram.

Fram kom í máli Sigurðar að atvinnuleysi væri enn að aukast á höfuðborgarsvæðinu, jafnframt mætti sjá aukningu þess á landsbyggðinni og hjá útlendu starfsfólki.

Fleiri laus störf eru á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Skortur er á upplýsingum um fjölda atvinnulausra.

Rætt um aðkomu Reykjavíkurborgar að atvinnumálum almennt og nauðsyn þess að borgin hafi þar góða yfirsýn og geti miðlað upplýsingum þar að lútandi.

Jórunn taldi mikilvægt að ríkið leggði fé til atvinnuuppbyggingar.

Þörf á að skoða samstarfsfleti milli ríkis og sveitarfélaga.

Svandís kynnti 3 verkefni:

Garðurinn: Fólk með víðtæka starfsreynslu sem hefur áhuga á að fara af stað með markmið.

Afl samvinnusetrið.

Jólamarkaður í húsi Byko á Hringbraut

Frumkvæði og eftirspurn til staðar en vantar rými fyrir starfsseminu.

Hugmyndatorg: Skapa þarf vettvang fyrir ýmsa atburði.

Markús nefndi Austurbæ þar sem sótt hefur verið eftir að Orkuveita Reykjavíkur leggi til hita og rafmagn og styrki þannig verkefnið.

Oft vilja eigendur húsnæðis sem standa auð fá einhvers konar rekstur í húsið svo húsnæðinu sé viðhaldið. Kemur til greina að komast til móts við eigendur með því að veita t.d. afslátt af fasteignagjöldum.

Fram kom í máli Sigurðar að margir aðilar væru að vinna hver í sínu horni um stöðu atvinnumála. Ljóst væri að mikilvægt væri að hafa allar upplýsingar á einum stað, t.d. með uppsetningu heimasíðu, þar sem atvinnulausir gætu nálgast allar upplýsingar sem þeir þyrftu til þess að koma sínum málum í réttan farveg.

Rætt um Nýsköpunarsjóð námsmanna þar sem borgin greiðir hæsta framlagið en hefur engu að síður enga aðila í stjórn sjóðsins.

Hugmyndir um að lækka virðisaukaskatt á vinnu iðnaðarmanna.

Svandís lagði til að húsnæði í eigu borgarinnar sem gæti nýst í eflingu atvinnumála yrði kortlagt.

Rætt um eftirfylgni gagnvart ungu fólki.  
Vettvang þarf í öll hverfi borgarinnar.  
Kostnaðargreining starfa.  
Mat á félagslegum afleiðingum atvinnuleysis.

Svandís óskaði eftir að tekið yrði saman minnisblað um aðgerðir í atvinnumálum 1994- 1995. Ákveðið að Sigurður taki þær upplýsingar saman.

Rætt um forsendur dreifbýlisstyrks.

Fundi slitið kl. 16:50.